

Fundargerð stjórnar SOS

Nýja stjórn SOS skipa: Jón V. Valgeirsson (Hrunamannahreppi), Eggert Guðmundsson (Árborg), Anton Kári Halldórsson (Rangárþingi eystra), Rakel Sveinsdóttir (Ölfusi), væntanlegur bæjarstjóri Árborgar. Varamenn: Einar Bjarnason (Skeiða- og Gnúpverjahreppi), Helgi Haraldsson (Árborg), Ágúst Sigurðsson (Rangárþing ytra), Aldís Hafsteinsdóttir (Hveragerði), Álfheiður Eymarsdóttir (Árborg).

Stjórnarfundur nr. 267, staður: Ráðhúsið, Þorlákshöfn

Dagsetning og tími: 5. júlí 2018, kl.14.30

Mættir voru: Anton Kári Halldórsson, Eggert Valur Guðmundsson, Rakel Sveinsdóttir og Jón Valgeirsson. Álfheiður Eymarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Staða viðræðna við SSH/Sorpu
3. Orkugerðin
4. Staða á vinnu Stefáns Gíslasonar
5. Önnur mál

1. Stjórn skiptir með sér verkum:

Jón Valgeirsson var tilnefndur stjórnarformaður, Anton Kári Halldórsson varaformaður og Rakel Sveinsdóttir fundarritari.

2. Staða viðræðna við SSH/Sorpu.

Efla og Mannvit, ásamt fulltrúum SSH og Sorpu, stóðu fyrir kynningu 5.júlí, fyrir nýjan meirihluta í Ölfusi, á hugmyndum um urðunarstað á Nessandi í Ölfusi. Verkefnið hafði verið til skoðunar um nokkra hríð og er mikil tímapressa komin á að ákvörðun liggi fyrir eins fljótt og auðið er. Er staðan því þannig nú að SOS þarf að endurnýja samning við Sorpu um þjónustu við Suðurland, mánaðarlega. Rakel upplýsti að verkefnið teldist á byrjunarstigi hjá nýjum meirihluta í Ölfusi, sem ekkert hafði heyrt af verkefninu fyrr en eftir kosningar. Benti Rakel á að verkefni sem þetta, myndi ekki skoðast af meirihluta nema í nánú samráði við íbúa í Ölfusi, sem enn hafa engar upplýsingar fengið um að hugmyndir sem þessar hafi verið til skoðunar. Af hálfu sveitarfélagsins Ölfus, er verkefnið því alls ekki á því stigi að afstaða verði tekin í málinu án nánari skoðunar, s.s. varðandi staðsetningu.

Fundarmenn voru sammála um að vanda þyrfti til verka ef ráðist yrði í verkefni sem þetta og þar þyrfti þá að tryggja hagsmuni sveitarfélaganna á Suðurlandi, t.d. varðandi þjónustusamninga við Sorpu og endurnýjunarskilyrði.

3. Orkugerðin

Lagður var fram ársreikningur Orkugerðarinnar fyrir árið 2017, sem fundarmenn höfðu fengið til yfirlstrar. Jón kynnti starfssemi og sögu fyrirtækisins lítillaga, þ.m.t. að SOS hefði aukið við hlutafélaginu árið 2017, í kjölfar erfiðleika í rekstri. Að sögn Jóns er nokkuð góður skriður kominn á starfssemi Orkugerðarinnar, sérstaklega eftir að nýr

frankvæmdastjóri tók við, Ólafur Wernersson. Nánari upplýsingar um starfssemina má sjá í fylgigögnum fundarmanna.

4. Staða á vinnu Stefáns Gíslasonar

Jón lagði fram spurningakönnun um úrgangsmál á Suðurlandi og kynnti lítillega. Ekki var tími til mikillar umræðu um verkefnið og hvatti Jón því nýja stjórnarmenn til að kynna sér gögnin betur með yfirlestri, auk annarra gagna sem hann myndi senda á stjórn.

5. Önnur mál

Önnur mál voru ekki rædd.

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund á Hvolsvelli og fara þá í skoðunarferð á Strönd á Rangárvöllum. Ákveðið var að færa til bókar fundartíman 20. ágúst kl.15.

Formaður þakkaði í lokin stjórnarmönnum fyrir góðan fund og nýskipuð hlutverk stjórnar.

Fundi var slitið kl.16.30.